



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar um drög að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla - Matsferil

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 13. mars 2023, þar sem kynnt eru til samráðs drög að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla – matsferil, mál nr. 61/2023.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar því að ákvörðun hafi verið tekin um að afnema tímabundið skyldu skóla til að leggja fyrir samræmd könnunarpróf og hefja vinnu við þróun og innleiðingu nýs námsmatskerfis eða matsferils sem byggir á skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Þeir annmarkar sem voru á fyrirlögn og framkvæmd samræmdra könnunarprófa frá því að þau voru fyrst lögð rafrænt fyrir árið 2016, sérstaklega árin 2018 og 2021 bentu til þess að tími væri kominn til að endurskoða þau próf, markmið samræmdra könnunarprófa og framkvæmd þeirra. Kennarar höfðu ítrekað kallað eftir samræmdu og heildstæðu matskerfi sambærilegu Lesferlinum fyrir aðrar greinar en lestur. Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hafði a.m.k. í tvígang samþykkt ályktun um samræmt matskerfi í stærðfræði og sent hvatningu þar að lútandi til mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntamálastofnunar.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar því einnig að samráð hafi verði haft við kennara, skólastjórnendur og aðra haghafa um fyrirliggjandi framtíðarsýn um námsmat til að tryggja að þekking og skilningur þessara aðila á mikilvægi og framkvæmd námsmats sé skýr og samræmd.

Skóla- og frístundasvið er hlynnt þeirri nálgun að færa námsmatið „nær nemendum og kennurum sem verkfæri til umbóta, skólaþróunar og framfara“, eins og segir í drögunum. Mikilvægt er einnig að missa ekki sjónar á þeim megintilgangi námsmats „að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess“, eins og segir í kafla 9.1 í Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig er mikilvægt að námsmatið gefi „nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, skólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms“, eins og stendur í lok kafla 9.1 í Aðalnámskrá grunnskóla. Jafnframt er mikilvægt að sveitarfélögin hafi aðgang að niðurstöðum sinna skóla til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni, svarað fyrirspurnum um námsárangur og metið hvort þeir þættir sem áhersla er lögð á t.d. í menntastefnu viðkomandi sveitarfélags hafi skilað tilætluðum árangri.

Skóla- og frístundasvið styður einnig þá framtíðarsýn að námsmatið styðji við leiðsagnarmat í skólum, m.a. með því að fjölga þeim verkfærum sem kennarar hafa úr að velja við að meta kunnáttu, leikni og hæfni nemenda. Eins og kunnugt er hefur skóla- og frístundasvið borgarinnar haft forgöngu um innleiðingu og þróun leiðsagnarnáms/-mats í grunnskólum og fellur þessi sýn mjög vel að markmiðum menntastefnu borgarinnar um að styðja áfram við þróun leiðsagnarmatsins í grunnskólum borgarinnar. Þær rannsóknir sem stuðst hefur verið við í innleiðingu leiðsagnarnáms í grunnskólum borgarinnar sýna einmitt að leiðsagnarnámið valdeflir nemendum og kennara og gefur báðum hópum greinarbetri upplýsingar um stöðu og framfarir nemenda og hvert skal stefna í náminu.



Skóla- og frístundasvið fagnar því að matsferlinum sé ekki ætlað að koma í staðinn fyrir annað námsmat heldur sé til viðbótar við endurgjöf um stöðu nemenda og framfarir í náminu. Því er mikilvægt að matstækin séu aðgengileg kennurum og skólum til að nota þegar það á við og að þau verkfæri sem boðið er upp á nýtist til leiðsagnarmats og þeirra umbóta í skólastarfi sem niðurstöður matsins e.t.v. kalla á.

Skóla- og frístundasvið tekur einnig undir mikilvægi þess að í matsferlinum séu skimunartæki og -próf til að finna snemma þá nemendur sem kunna að þurfa á sérstökum stuðningi að halda í námi og veita þeim þann stuðning og aðstoð sem þeir hafa þörf fyrir. Handbækur um notkun og túlkun niðurstaðna eru mjög mikilvægar fyrir kennara og skólafólk til að styðjast við í notkun slíkra tækja.

Skóla- og frístundasvið fagnar því sérstaklega að gert sé ráð fyrir að halda námskeið fyrir kennara og annað fagfólk í grunnskólum um fyrirlögn, framkvæmd og hvernig eigi að greina og kynna niðurstöður. Jafnframt hefur það reynst mjög hjálplegt fyrir kennara og skólafólk að niðurstöðum fylgi ábendingar um umbætur og tillögur um kennsluaðferðir og leiðir til að styðjast við eins og t.d. koma fram í sumum þáttum Lesferils Menntamálastofnunar. En skortur á kynningu og fræðslu frá hendi ráðuneytis er eitt af því sem grunnskólakennarar töldu ábótavant þegar núgildandi aðalnámskrá var innleidd, einkum og sér í lagi er varðar námsmatshluta námskrárinnar.

Skóla- og frístundasvið fagnar því trausti sem kennurum og skólafólki er sýnt með því að taka ákvörðun um hvaða verkfæri Matsferils þau nota til að meta stöðu og framfarir nemenda í námi, hvenær og hvernig þessi verkfæri eru notuð miðað við þekkingu, hæfni og leikni nemandans á hverjum tíma. Skóla- og frístundasvið styður það að allir skólar meti námsárangur í íslensku og stærðfræði og að gott samráð verði haft við skólafólkið um framkvæmd þess mats. Skóla- og frístundasvið fagnar því sérstaklega að allir skólar meti námsárangur í íslensku sem öðru tungumáli og kallar eftir skýrum leiðbeiningum frá menntayfirvöldum um framkvæmd þess mats og hvort og þá hvernig matið á að hafa tengingu við það fjármagn sem skólarnir fá til að sinna kennslu í þessari mikilvægu grein til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á köflum 19.3 og 19.4 og nýjum kafla 19.8.3 í Aðalnámskrá grunnskóla um íslensku sem annað mál og hæfniviðmið og matsviðmið í þeirri grein.

Í drögum að stefnu um nýtt námsmat grunnskóla segir: „*Samhliða notkun matsferils er mikilvægt að ríki og sveitarfélög leggi ríka áherslu á umbætur, m.a. með viðeigandi íhlutun í þágu nemenda, námsefni, stuðningsefni, námskeiðum sem og kennsluráðgjöf til kennara og skóla. Þannig má styrkja skólakerfið til að vinna að framförum á grundvelli mats*“. Skóla- og frístundasvið tekur undir ofangreinda áherslu á umbætur sem unnið er að út frá niðurstöðum námsmats og að gripið sé til viðeigandi aðgerða í þágu nemenda, með útgáfu námsefnis og annars stuðningsefnis, námskeiðum og kennsluráðgjöf til kennara og skóla. Skóla- og frístundasvið ítrekar fyrri athugasemd um að ríkið eða viðeigandi aðilar á vegum þess sjá um útgáfu fjölbreytts námsefnis og annars stuðningsefnis sem kennarar og skólafólks geti valið úr með tilliti til áherslna, umfjöllunarefnis og aðstæðna hverju sinni. Jafnframt að mikilvægt að námsefni sé endurskoðað og uppfært reglulega út frá breyttum aðstæðum og áherslum í skólastarfi og í samfélaginu og að allir nemendur grunnskólans hafi aðgang að náms- og stuðningsefni við hæfi. Einnig er mikilvægt að nýtt námsefni og breyttar áherslur og vinnubrögð séu kynnt vel fyrir kennurum og skólasamfélaginu með kynningum, námskeiðum o.fl.

Skóla- og frístundasvið tekur undir þá afstöðu sem fram kemur að kennarar og skólar beri ábyrgð á fyrirlögn matstækja ásamt því að skrá og halda utan um niðurstöður námsmats og gera aðgengilegar fyrir forsjáraðila og nemendur. Einnig að skólar geri opinberlega og á aðgengilegan hátt grein fyrir notkun sinni á matsferli skólans, í skólanámskrá og innra og ytra mati.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar því að vinna að gerð fyrstu verkfæra matsferils hefjist á næsta skólaári og mun fylgjast með útkomu þeirra og hvetja til notkunar eftir því sem aðstæður leyfa.

Skóla- og frístundasvið styður þá afstöðu að lítið verði á matsferil sem langtímaverkefni til stuðnings íslensku skólakerfi. Mikilvægt er að slíkur matsferill sé endurskoðaður og uppfærður reglulega til að hann sé í samræmi við aðstæður í samfélaginu og áherslur í skólastarfi á hverjum tíma og nýtist skólasamfélaginu til þeirrar skólaþróunar og -umbóta sem gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs